



Proskapjálfafélag Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 135/1221
komudagur 25.1.2008
Erindi nr. P

Reykjavík 24.1.2008

Umsögn Proskapjálfafélags Íslands:

Pingskjal 319 – 285. mál. Frumvarp til laga um grunnskóla

Proskapjálfafélag Íslands lýsir yfir ánægu sinni með frumvarpið í heild sinni og telur að það marki framsækna og heildstæða stefnu um grunnskóla. Sérstaklega ber að fagna þeim áherslum sem lagðar eru á rétt nemenda til að komið sé til móts við þarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgerfis.

III. KAFLI.

Starfslið grunnskóla

11.gr. Starfslið

Við aðra málsgrein bætist starfsheitið *proskapjálfi*. Greinin verður þá svohljóðandi: *Um skilyrði þess að hljóta ráðningu sem skólastjóri, stjórnandi kennari eða proskapjálfi fer samkvæmt gildandi lögum þar um.*

Rökstuðningur:

Sérþekkingar proskapjálfa er í auknu mæli óskað innan grunnskólanna og fjöldi þeirra sem þar starfa hefur aukist jafn og þétt. Til að tryggja nemendum með sérþarfir aðkomu proskapjálfa að námi þeirra verður að skilgreina stöður proskapjálfa innan grunnskólanna.

Proskapjálfar hafa lögverndað starfsheiti skv. lögum nr. 18/1978 og eru ráðnir til að vera hluti af daglegu starfi grunnskóla sem starfa eftir markmiðum skóla án aðgreiningar. Þeir hafa sérstöðu miðað við aðra sérfræðinga sem falla undir sérfræðipjónustu þar sem þjónusta þeirra er að fullu samofin allri kennslu skólans.

12. gr. Símenntun

Við aðra málsgrein bætist: *proskapjálfar*. Greinin verður þá svohljóðandi: *Kennarar, proskapjálfar og skólastjórar grunnskóla skulu eiga kost á reglulegri símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína. Þeir skulu einnig eiga kost á námsleyfum.*



Þroskaþjálfafélag
Íslands

Þroskaþjálfafélag Íslands

IV. KAFLI.

Nemendur

17. gr. *Nemendur með sérþarfir*

Lagt er til að 5 og 6 málsgreinar þessarar greinar verði felldar á brott.

VI. KAFLI.

Skólahúsnæði og aðstaða grunnskóla

20. gr. *Skólamannvirki*

Við aðra málsgrein bætist: *Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir nemendur með sérþarfir, sérfræðipjónustu og vinnuástöðu starfsfólks.*

Virðingarfyllst,
f.h. Þroskaþjálfafélags Íslands

Salóme Þórisdóttir
Salóme Þórisdóttir, formaður